

Tillaga að óverulegri breytingu á skilmálum deiliskipulags

**„Frístundabyggð í landi Syðra-Langholts IV, Holtabyggð“**

sem samþykkt var í Hrunamannahreppi 20.06.2001, breytt 02.09.2009. Fleiri breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu en ekki á þessu svæði sem er hér til umfjöllunar. Höfundar deiliskipulagsins eru Landslag hef, landslagsarkitektar FÍLA.



Breytingin felst í skilmálabreytingu fyrir sama svæði og var í breytingunni 2009, þ.e. lóðir 101-109. Í upphaflegu skipulagi var skilmáli um hámarks stærð húsa 120 m<sup>2</sup>. Í breytingunni sem gerð var 2009 er tekið fram nýtingarhlutfall 0,03 í stað hámarks stærð húsa. Það nýtingarhlutfall gefur möguleika á mörg hundruð fermetra húsum sem samrýmist ekki þessari frístundabyggð. Auk þess er aðeins heimilt að hafa húsin á einni hæð sem hentar illa á sumum lóðanna þar sem aðeins hentar að byggja í miklum halla þar sem flóamýri er á sléttlendinu.

Hluti gildandi texta er eftirfarandi: *Nýtingarhlutfall er allt að 0.03. Húsin skulu vera á einni hæð, en mega hafa svefnloft yfir hluta af húsinu...*

Lagt er til að textanum verði breytt í eftirfarandi:

***Á lóðinni er heimilt að byggja, innan byggingareits, frístundahús, allt að 170 m<sup>2</sup> að stærð. Húsin mega vera á tveim hæðum eða á einni hæð með svefnlofti...***

Samkvæmt fasteignaupplýsingum á síðu HMS falla þau hús sem þegar hafa verið byggð undir þessa skilmála og er því ekki talið að breytingin hafi nein afleið áhrif.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 2024 og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 2024. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðina þann \_\_\_\_\_ 2024.